

Nd.

367. Breytingartillögur

við frv. til l. um fræðslu barna og við brtt. á þskj. 354.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 19. gr. Orðin „í kaupstöðum, en námsstjóra annarsstaðar á landinu“ í annari málgr. falli niður.
2. Við 24., 25. og 26. gr. Í stað allra greinanna komi ein grein, er verður 24. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Eftirlitsmenn skulu skipaðir með barnafræðslunni í landinu þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, og nefnast þeir námsstjórar. Skulu valdir til þess starfs hinir hæfustu barnakennarar. Skal fræðslumálastjórnin skipta landinu í allt að 6 eftirlitssvæði, og sé einn námsstjóri fyrir hvert. Skulu námsstjórar hafa eftirlit með kennsluskipun, kennsluaðferðum og árangri kennslunnar samkvæmt erindisbréfi, er fræðslumálastjórnin setur.

3. Við brtt. á þskj. 354, tölul. 20:

a) Aftan við fyrri málgr. bætist:

Tala kennslustaða í farskólahéruðum skal ákveðin í samráði við fræðslumálastjóra.

b) Aftan við tillöguna bætist:

Hvert skólahverfi hefir rétt til eins kennara, en kennarafjölgun skal miða við, að 50 börn á aldrinum 7—14 ára eða 30 börn 10—14 ára komi á hvern kennara að jafnaði við heimangönguskóla, og 40 börn á aldrinum 10—14 ára við heimavistarskóla, en 20 í farskólum. Þó er fræðslumálastjórninni heimilt að víkja frá þessum ákvæðum, ef staðhættir og skilyrði leyfa ekki samflutning.

Ákvæði þessi skulu framkvæmd jafnóðum og kennarastöður losna.

Heimilt er að greiða úr rikissjóði styrk til stundakennslu, þegar kennarahald sparast við það, hlutfallslega jafnháan og nemur framlagi rikissjóðs til kennaralauna.

Skólastjórar í kaupstöðum, þar sem eru 20 barnakennarar eða fleiri, taka laun fyrir tvo mánuði umfram barnakennara, og skólastjórar í öðrum kaupstöðum og við heimavistarskóla fyrir einn mánuð umfram kennslutíma.